

HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

4. blað.

Úr trúarsögu Forn-Íslendinga.

EFTIR

HELGA PÉTURSSON.

(Úr Skírni)

(Niðurlag.)

Þá erum vér komnir að öðru meginatriði til eflingar kristninni á Íslandi, en það var dýrðlingatrúin.

Dýrðlingarnir voru Kína-lífs-elixir þeirra tíma, og þó raunar enn þá betri en jafnvel endurbættur og uppsettur Kína-lífs-elixir, því að trúin á þá var enn þá lausari við nokkrar efasemdir. Til dýrðlinganna var leitað við öllum kvillum, og þeir læknuðu þá alla eða því sem næst, ef trúa má jarteinabókunum, sem voru dýrðlingunum sama sem vottorð læknaðra í auglýsingunum eru fyrir kynjalyfin, nema hvað þær voru langtum fjölskrúðugri. Og dýrðlingatrúin fyllti sjóði kyrknanna, alveg eins og kynjalyfstrúin hefir margan sjóðinn fyllt á tímum, sem oss eru nær.

En dýrðlingarnir fengust nú líka við fleira en lækningar; þeirra hjálpar var leitað í hvers konar vandræðum og þrautum;— þeir hjálpuðu til að finna ñngurgull sem týndust, studdu menn til að draga upp úr hest sem ofan í hafði farið og reyndust vel í hvers konar mótlæti. Að minsta kosti getur ekki um að þeir hafi reynst illa, enda áttu slíkar sögur ekkert erindi í jarteinabækurnar. Eða er verið að auglýsa það í blöðunum, þegar kynjalyfin bregðast?

Heilagur Þorlákur og hinn helgi Jón voru báðir, eins og kunnugt er, hinir mestu gagnsmenn kristninni og skaðlegir forn-